

Fréttabréf Húnavatnshrepps

1.tbl.2008

Íbúar Húnavatnshreppi.

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs og gæfuríks árs með þökk fyrir samskiptin á liðnu ári.

Fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árið 2008 var afgreidd frá hreppsnefnd miðvikudaginn 12. desember 2007. Í þessu fréttabréfi mun ég koma á framfæri ýmsum upplýsingum úr samþykktri fjárhagsáætlun.

Tekjur/gjöld:

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarsjóðs verði 297,8 mkr. Áætlað er að tekjur skiptist þannig að skatttekjur verði 135 mkr, aðrar tekjur 26,3 mkr, þar af eru tekjur eignasjóðs um 17,5 mkr og framlag úr Jöfnunarsjóði 136,5 mkr.

Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð 295 mkr og fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 4,6 mkr. Rekstur samstæðunnar er því jákvæður um 7,4 mkr.

Flokkun útgjalda: (útgjöld málaflokka að frádregnum tekjum þeirra)

Af einstökum málaflokkum eru mest útgjöld til fræðslu- og uppeldismála, en þar er gert ráð fyrir netto útgjöldum að upphæð 159,5 mkr. Þar af er áætlaður rekstrarkostnaður leikskóla 13,5 mkr, tónlistarskóla 10,9 mkr og grunnskóla 127,9 mkr. Stærstu rekstrarliðir grunnskóla eru laun og launatengd gjöld að upphæð 84,2 mkr og skólaakstur að upphæð 26 mkr.

Undir liðinn fræðslumál eru færðir áætlaðir námsstyrkir, að upphæð 3,8 mkr, til framhaldsskólanema með lögheimili í Húnavatnshreppi. Námsstyrkir voru hækkaðir og eru nú 55 þúsund kr. á nemanda á hverja önn, þeir eru greiddir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til 24 ára aldurs. Akstursstyrkir umfram 40 km voru hækkaðir í 25 kr. per km. Heimgreiðslur til barna á leikskólaaldri verða óbreyttar frá fyrra ári, en þessi ákvörðun verður endurskoðuð á árinu þegar nýr leikskóli tekur til starfa.

Til félagsþjónustunnar er áætlað að fari 20,1 mkr, til heilbrigðismála 1,8 mkr, til menningarmála 14,7 mkr, sem er um 70% hækkun frá áætlun fyrra árs. Til æskulýðs- og íþróttamála 2,4 mkr, til sorphirðu og sorpeyðingar 14,3 mkr, til brunamála og almannavarna 5,9 mkr, til umhverfismála 1,6 mkr, til yfirstjórnar og ýmissa sameiginlegra liða 27 mkr, til atvinnu- og umhverfismála 10,1 mkr, til skipulags- og byggingarmála 6,7 mkr og netto til reksturs eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar 4,5 mkr.

Varðandi rekstur eignasjóðs þá er rétt að taka fram að þar er gert ráð fyrir 7 mkr í viðhaldskostnað á húsnæði Húnavallaskóla.

Fjárfestingar:

Áætlað er að byggingu leikskóla verði lokið á miðju ári 2008, gert er ráð fyrir 27 mkr til fjárfestingar þar og mótfamlagi frá Jöfnunarsjóði að upphæð 17 mkr. Vegna áframhaldandi uppsetningar rotþróa eru áætlaðar 10 mkr. Reiknað er með að ljúka þessu verkefni árið 2009. Til að ljúka verkefni við lýsingu heimreiða á lögbylum er áætluð 1 mkr, til fjárfestinga við Húnavallaskóla er áætluð 1,5 mkr og vegna íbúða 10 mkr. Samtals eru fjárfestingar áætlaðar 49,5 mkr. Gert er ráð fyrir að netto lántaka á árinu verði 20 mkr.

Útsvarsprósenta, álagning fasteignagjalda og gjaldskrár

Á árinu 2007 greiddi Jöfnunarsjóður aukaframlag að upphæð 1.400 milljónir til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf fyrir sérstakt viðbótarframlag vegna þróunar í rekstrarumhverfi þeirra og erfiðra ytri aðstæðna. Húnavatnshreppur kom ekki til greina við þessa úthlutun þar sem ekki var nýtt að fullu heimild til álagningar útsvars. Ætla má að sveitarfélagið hafi orðið af um 18 milljón kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna þessa á árinu 2007.

Aukaframlag verður einnig greitt á þessu ári, en þar sem aukaframlagið er aðeins greitt til þeirra sveitarfélaga sem nýta að fullu heimild til útsvarsálagningar, sá hreppsnefnd sig knúna til að fullnýta heimildina fyrir árið 2008. Á móti þessari hækkun var m.a. samþykkt að lækka álagningu fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði.

Húnavatnshreppur hefur hvorki innheimt sorphirðu- eða sorpeyðingarjöld. Verulegur kostnaður fellur árlega á sveitarsjóð vegna þessarar þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs þá ber að innheimta gjald fyrir förgun úrgangs og heimilt er að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði er til fellur, en leitast skal við að gjaldið taki mið af raunverulegum útgjöldum sveitarstjóðs.

Á fundi hreppsnefndar þann 12. desember s.l. var gerð samþykkt um sorphirðu og sorpeyðingu í Húnavatnshreppi. Umhverfissráðuneyti hefur staðfest samþykktirnar. Á grunni þessara samþykktu hefur verið sett gjaldskrá sem er mjög hófleg og ætla má að heildarinnheimta vegna sorphirðu- og sorpeyðingargjalda verði innan við 10% af útlögðum kostnaði. Sorphirðu- og sorpeyðingarjöld verða innheimt með fasteignaskatti.

Skipulagsmál.

Gerð var verðkönnun hjá fagaðilum vegna aðalskipulagsgerðar fyrir Húnavatnshrepp. Eftirfarandi aðilar skiluðu inn verkáætlun og verðupplýsingum: Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, ALTA, ARKÍS og Landmótun sf. Hreppsnefnd samþykkti að ganga til samninga við Landmótun sf um ráðgjöf við aðalskipulagsgerð fyrir Húnavatnshrepp á grundvelli verðupplýsinga og verkáætlunar frá þeim.

Áætlað er að skipulagsvinnan taki um tvö ár. Í vinnuferli aðalskipulagsins verður leytast við að kynna það fyrir íbúum og hagsmunaaðilum þar sem m.a. verður leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu við aðalskipulagsgerðina.

Háhraðatengingar.

Miðvikudaginn 16. janúar 2008, var fundað með fulltrúum Hive um ástand og horfur varðandi háhraðatengingar í Húnavatnshreppi. Fundurinn var haldinn vegna óviðunandi ástands nettenginga í sveitarfélaginu og mikillar óánægju notenda með tíðar bilanir í kerfinu, lítinn hraða og misvísandi upplýsingar frá þjónustuveri Hive.

Fram kom m.a. á fundinum að fjarskiptakerfið var tekið út af þeim Karli Hálfðánarsyni og Gunnari Sigurðssyni nú í haust og að ljóst sé af þeirri úttekt að endurbæta þarf það verulega og breyta því. Reyndar hafði Ice Com, að ósk fjarskiptanefndar Húnavatnshrepps, skilað skýrslu um kerfið í byrjun maí 2007, þar sem fram komu margar og alvarlegar athugasemdir við frágang og uppsetningu kerfisins. Hjálmar Ólafsson skilaði einnig mjög ýtarlegri samantekt um frágang og uppsetningu kerfisins í lok maí 2007.

Brjánn Jónsson yfirmaður fjarskiptasviðs Hive kynnti áætlun um útskiptingu á megninu af sendibúnaði á svæðinu. Í áætluninni felast endurbætur sem munu auka hraða og stöðugleika.

Framkvæmdir munu standa nú fram á sumari. Þessa dagana er verið að breyta móttökuboxum hjá notendum og flytja þau yfir á grunnkerfi Hive. Burðarlinkar og sendar verða endurnýjaðir. Unnið er að því að auka og bæta þjónustu upplýsingavers Hive og vöktun tæknimanna hefur verið aukin.

Ljóst má vera að margir notendur háhraðanetsins í Húnavatnshreppi eru orðnir langþreyttir á stöðugum vandamálum í kerfinu. Hreppsnefnd reynir eftir bestu getu að þoka þessum málum í betra horf. Þegar eigendaskipti urðu á miðju síðasta ári og Hive tók yfir rekstur fjarskiptakerfisins bundu menn vonir við að málin yrðu tekin fastari tökum og nauðsynlegar endurbætur gerðar á kerfinu. Þetta hefur því miður ekki gengið nægjanlega vel eftir. Mín skoðun er sú eftir síðasta fund með fulltrúum Hive, að rétt sé að gefa þeim tækifæri til þeirra lagfæringa og endurbóta á kerfinu sem áætlanir eru um.

Rúlluplast.

Ætlunin er að söfnun á rúlluplasti fari fram dagana 5. og 6. febrúar n.k. Fyrri daginn verður rúlluplasti safnað í austari hluta hreppsins og þann seinni í vestari hlutanum þ.e. í Vatnsdal og Þingi. Þeir bændur sem óska eftir því að nýta sér þessa þjónustu vinsamlega tilkynni það til skrifstofu Húnavatnshrepps í síma 452 4660 fyrir miðvikudaginn 5. febrúar n.k.

Mikilvægt er að skila rúlluplasti til endurvinnslu og fara eftir leiðbeiningum um frágang þess.

Skrifstofa Húnavatnshrepps.

Skrifstofa Húnavatnshrepps er opin mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10.00 – 16.00. Símanúmerin eru 452-4660 og 452-4661, faxnr. er 452-4680, netföngin hunavatnshreppur@emax.is jens@emax.is veffang www.hunavatnshreppur.is

Húnavöllum 23. janúar 2008.
Sveitarstjóri Húnavatnshrepps

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.